

30
7. marz

2. gr.
Aftan við 20. gr. sömu laga bætist svo hljóðandi

Bráðabirgðaákvæði.

Af yfirdráttarheimild þeirri, er Ísland hefur sem þátttakandi í Greiðslubandalagi Evrópu, að fjárhæð fimmtán milljónir dollara, heimilast ríkisstjórninni, ef hún telur nauðsynlegt, að nota allt að fjórum milljónum dollara á fjárhagsárum greiðslubandalagsins 1950/51 og 1951/52.

Jafnóðum og heimildin er notuð, skal andvirðið í krónum greitt inn í sérstakan reikning í Landsbanka Íslands og því varið, þegar er gjaldeyrisástæður leyfa, til endurgreiðslu á yfirdráttarláninu, enda má ekki nota féð til annars.

3. gr.

Fyrir orðin „skulu gilda“ í 1. gr. l. nr. 112 1950 kemur: skulu, önnur en 31. gr., gilda.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 7. marz 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

31
7. marz

L Ö G

um breyting á lögum nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laganna orðist þannig:

Brof gegn 1. gr. varða sektum, 500—5000 gullkrónum. Skulu þá og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs, upptæk.

Leggja má löghald á skipið og selja það, að undangengnu fjárnámi, til lúkn-ingar sektum samkvæmt þessari grein og kostnaði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 7. marz 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.